Őreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista

36. tölublað Þriðjudagur 26. september 1978. verð kr. 100.-

Ert þú áskrifandi að vikublaði verkafólks?

Barátta grunnskólakennara

Grunnskólakennarar hafa sem kunnugt er staðið í launadeilu við ríkisvaldið undanfarið. Deilan snýst um það hvort meta eigi kennarapróf til misharra launa fyrir það að þau séu tekin á mismunandi tíma, þ.e. hvort þau eru tekin fyrir eða eftir breytingu kennaraskólans í kennaraháskóla. Grunnskólakennarar hafa tekið það ráð að neita að taka við kennaranemum frá kennaraháskólanum í æfingakennslu. Um það var samið í síðustu samningum BSRB og ríkisins að prófin skyldu metin jafnt. Framkvæmdin hefur hinsvegar orðið sú að prófin gefa mismunasndi stigafjölda en jafnhátt kaup í upphafi. Þá ber þess að gæta að eldri kennarar hafa unnið í að minnsta kosti 6 ár þegar þeir fá þessi sömu laun. Hinir nýju fá þau hinsvegar strax og fá, vegna hærra stigamats, mun fyrr launaflokkshækkanir vegna starfsreynslu.

Aðgerðir grunnskólakennara hafa mælst misjafnlega fyrir. Mikið var úr því gert að þetta bitnaði á saklausum, þ.e. kennaranemum en nám þeirra gæti lengst vegna þessa. Það kom þó í ljós að kennaranemar í kennaraháskólanum hafa fullan skilning á málstað kennara og hafa sjálfir farið í verkfall til að knýja á um lausn deilunnar. Þannig verður verkfall kennaranemanna að skoðast sem stuðningur við grunnskólakennara.

Nokkuð hefur verið gert af því að átelja grunnskólakennara fyrir "að skemma kennaramenntun með ábyrgðarlausum aðgerðum." Því er til að svara að ríkið ber ábyrgð á kennaramenntun í landinu. Kennarar eru að krefjast réttar síns undir markmiðinu sömu laun fyrir sömu vinnu. Ef ríkisvaldið stendur undir ábyrgð sinni á kennaramenntun í landinu þá ætti það að ganga að kröfum kennara þannig að kennaramenntun truflist ekki.

En samband grunnskólakennara hefur eignast fleiri andstæðinga en ríkisvaldið. Nýlega samþykkti stjórn landsambands framhaldsskólakennara að taka við kennaranemum og einnig að mótmæla aðgerðum grunnskólakennara. (Innan félags framhaldsskólakennara eru flestir kennara í 7.-9. bekk grunnskóla). Þetta er ljótur leikur stjórnar LSFK og veldur klofningi meðal kennara. Þeim mun svívirðilegra verður þetta í ljósi þess að þessir sömu menn og nú skemma aðgerðir starfsbræðra sinna tala í hinu orðinu um sameiningu og samvinnu allra grunnskólakennara. Hvernig er hægt að taka slíka menn alvarlega?

Kennurum er ljós nauðsyn þess að sameinast í eitt félag. Þessvegna á ekki að líðast að forystumenn þeirra brjóti samstöðuna.

Stéttabaráttan styður réttmæta baráttu grunnskólakennara og fordæmir klofningsaðgerðir forystu LSFK.



Frá mótmælafundi BSRB í fyrra.

Hlutverk hinna einstöku félaga innan INSÍ

Margt hefur verið rætt og ritað undanfarið um málefni iðnnema og verkskólanema. Í þessu sambandi hefur spurning vaknað um hvers vegna svo mikil deyfð ríki meðal þeirra? Er það vegna þess að iðnnemar hafi minni áhuga á félagsmálum heldur en aðrir framhaldsskólanemendur, eða er orsakanna að leita annarsstaðar. Orsakanna er fyrst og fremst að leita í því þjóðfélagi sem við lifum í. Auðvaldsþjóðfélaginu, sem ekki ætlast til þess að einstaklingurinn hugsi sjálfstætt og myndi sér sínar eigin skoðanir. Hvaðan koma flestir iðnnemar? Þeir koma frá verkamannaheimilum, þar sem brauðstritið tekur allan þann tíma sem verkafólk hefur. Síðan fara börnin annaðhvort fljótlega út í atvinnulífið eða reyna að komast á "samning" eins og það er kallað Frá allflestum verkamannafjölskyldum er þetta leiðin úti lífið. Ein orsökin fyrir því að minna er um að iðnnemar sinni félagsmálum er sú að hvergi finnst jafn hátt hlutfall af nemum sem eru búnir að stofna heimili og jafnvel komnir með 1-2 börn. Þetta dregur að sjálfsögðu mikið úr þátttöku þeirra. Þeir verða að strita dag sem nótt til að geta staðið undir þessu, þeir draga jafnvel skólanámið fram úr öllu valdi því þeir hafa ekki efni á því að fara í skólann.

Í framhaldi af þessu vaknar sú spurning hvernig sé hægt að breyta þessu til betri vegar. Jú það er hægt með aukinni virkni og fræðslu af hálfu félaganna sem viðkomandi iðnnemi er í. Þau verða að höfða meira til félaganna sýna þeim fram á nauðsynina á því að taka virkan þátt í starfi og stefnu félagsins. Þetta er m.a. hægt með því að koma á góðu trúnaðarmannakerfi milli vinnustaðanna. Í dag er þetta trúnaðarmannakerfi í molum ef það er þá til. Ég veit aðeins um eitt félag sem hefur beitt sér fyrir því undanfarið að byggja upp traust trúnaðarmannakerfi, til að auka samskiptin milli félaganna, það er Félag járniðnaðarnema. Hafa þeir lagt mikla vinnu í það undanfarið að fara á alla

Framhald á síðu 3.



Frá undirbúningsfundi að stofnun Leigjendasamtaka.

Samtök leigjenda

Leigjendasamtökin boðuðu til blaðamannafundar þriðjudaginn 26. sept. Var fundurinn haldinn í húsnæði sem samtökin hafa tekið á leigu að Bókhlöðustíg 7 í Rvík. Á fundinum kom í ljós að nokkur skriður hefur nú þegar komist á málefni leigjenda, þó samtökin séu ung. Hafa samtökin fengið bréf frá félagsmálaráðuneytinu þar sem farið var fram á að þau skipuðu einn fulltrúa í nefnd þriggja manna, er semja skulu lög um leigu á húsnæði. Aðrir sem fulltrúa eiga í nefndinni eru frá Hús- og landeigendafélagi Íslands og ráðuneytið sem skipar formann nefndarinnar. Ekki kemur fram í bréfinu hvert verður nákvæmlega starfssvið nefndarinnar, en það ætti að skýrast strax og hún kemur saman. Leigjendasamtökin hafa þegar tilnefnt Ragnar Aðalsteinsson hrl. sem fulltrúa sinn í nefndina. Hann hefur verið samtökunum innan handar, bæði hvað varðar athuganir á þeim lagalega rétti sem leigjendur hafa nú, bæði þeirra sem engan skriflegan samning hafa gert og þeirra sem skrifað hafa undir samning Húseigendafélags Reykjavíkur. Í því sambandi hefur komið í ljós að samningur Húseigendafélagsins er í mörgum atriðum svo einhliða, það er að aðeins er talað um skyldur leigjenda og hvaða refsingu skuli beita þá fyrir að standa ekki við skilmálana, að samningurinn myndi ekki standast fyrir dómstólum.

Hús- og landeigendafélagið hafði síðast er fréttist ekki skipað sinn fulltrúa í nefndina. Til glöggvunar við hverju megi búast af því félagi, er rétt að upplýsa að formaður þess er Páll S. Pálsson lögfræðingur Húseigendafélags Reykjavíkur. Af hálfu Leigjendasamtakanna verður lögð áhersla á að nefndin ljúki störfum það fljótt að lög um húsaleigu verði sett fyrir næsta sumar.

Á blaðamannafundinum var kynnt nýtt samningsform sem Leigjendasamtökin hafa samið. Er í því tekið fram um réttarstöðu beggja aðila og réttur leigjenda tryggður.

Fram kom á fundinum að húsleiga er hér oft um 30% af tekjum og í sumum tilfellum allt að 50%. Á Norðurlöndum er um það samið í kjarasamningum að leiga fari ekki fram yfir 20% af tekjum.

Það að komið er til móts við kröfur leigjenda nú er engin tilviljun, heldur beint framhald af því að þeir hafa risið upp til baráttu og myndað sér samtök. Hver árangur verður fer svo eftir því hve fast leigjendur fylkja sér um samtök sín.

LEIÐARI

Jafnréttisbaráttan

Það hafa sjálfsagt ekki margir misst af því að fatlaðir efndu til kröfugöngu um daginn til að minna á kröfur sínar um jafnan rétt á við aðra þjóðfélagsþegna.

Fatlað fólk hefur ekki mætt skilningi hingað til á sérþörfum sínum. Yfirvöld jafnt og atvinnurekendur hafa síður en svo gert þessu fólki kleift að lifa við nokkurt öryggi. Þessum aðilum hefur þótt sér það sæma að sniðganga þarfir og margendurteknar óskir fatlaðra um bætta þjónustu og atvinnu vegna sérstakra þarfa fatlaðra.

Nú bregður svo einkennilega við þegar fatlaðir efna til aðgerða til að fylgja eftir bónarbréfum sínum í marga áratugi, að steinhjörtu atvinnurekenda og ríkisvalds virðast bifast.

Fjölmargir atvinnurekendur og handhafar ríkisvaldsins kepptust við að lýsa stuðningi sínum við málefni fatlaðra. Engu líkara var en allir stjórnmálaflokkar og verkalýðsfélög hefðu haft málefni þessa fólks efst á sinni stefnuskrá í áratugi. Leiðarar stórblaðanna töluðu fjálglega um að gera yrði stórátak til að tryggja þessu fólki jafnrétti. Það var engu líkara en allir væru sameinaðir í að rétta hlut

þessa fólks og jafnvel að þeir hefðu ævinlega verið það.

Ef þetta væri nú svo í raun að allir þessir aðilar hefðu borið jafn mikla umhyggju fyrir jafnrétti þessa þjóðfélagshóps og leit út fyrir þennan eina dag,

hefði þá verið þörf á þessum aðgerðum? Að sjálfsögðu ekki, enda sanna verk þeirra aðila sem þóttust styðja kröfu fatlaðra.

Fólk sem að einhverju leyti hefur haft skerta starfsorku hefur hingað til staðið í harðri baráttu gegn ríkisvaldinu og þeim fjölmörgu atvinnurekendum sem engan skilning hafa á öðru en eigin valda-og gróðasöfnun.


Verkalýðsfélögin létu líta svo út að þau bæru hagsmuni þessa fólks fyrir brjósti, með stuðningsyfirlýsingum við kröfum um jafnrétti. En afrekaskrá verkalýðsskriffinnanna er síður en svo í samræmi við yfirlýsingarnar. Sannleikurinn er sá að málefni þessa fólks hafa aldrei verið tekin upp af verkalýðshreyfingunni í samningum við atvinnurekendur. Enda er atvinnuöryggi þessa fólks alls ekkert. Þar sem fatlaðir vinna við verksmiðjustörf á svokölluðum vernduðum vinnustöðum eru þeir á lægsta taxta Iðju. Þetta er það jafnrétti sem atvinnurekendur og verkalýðsforystan hefur upp á að bjóða.

Tæpast er því hægt að taka þessa aðila mjög alvarlega þegar þeir eru að reyna að nota jafnréttisgöngu fatlaðra til að auglýsa sjálfa sig.

Slík framkoma hefur hingað til verið kölluð hræsni og það verður ekki séð að ástæða sé til að gefa henni annað nafn nú.

Fatlað fólk mun ekki vinna neina sigra ef þeir láta blekkjast af fagurgala þessara manna nú. Þeir munu ekki nú frekar en áður gera neitt í málefnum þessa

fólks svo framarlega sem þeir geta komist hjá því. Aðeins barátta fatlaðra sjálfra getur fært þá nær settu marki, gegn fjandsamlegu ríkisvaldi og þjóðfélagskerfi sem byggir á sérhyggju og gróðasjónarmiðum. Þetta eru gömul sannindi sem allir kúgaðir hópar hafa mátt reyna í auðvaldsþjóðfélagi nútímans. Barátta alþýðufólks gegn þessu þjóðfélagskerfi getur aðeins orðið sigursæl ef hún ber gæfu til að hrista af sér hræsnarana sem reyna að láta öldur baráttunnar auka vegsemd sína og auð.



Þjóðarframleiðsla í Kína fer stöðugt vaxandi og lífskjörin fara batnandi ár frá ári.

Verkamannahverfi í Sjanghæ

Annar hluti

Eftir að hafa skoðað verksmiðjurnar í hverfinu hittum við að máli gamlan verkamann.

Hann var 76 ára gamall. Í fyrstu sýndi hann okkur kofa, líkan þeim sem hann hafði búið í fyrir byltingu. Það var einn af strámottukofunum sem áður er sagt frá.

Þar hafði hann eignast börn og búið í 15 ár. Aðalstarf hans meðan hann bjó þar var betl, en stundum gat hann starfað sem kúlíi. Það var einkum framan af sem hann fékk vinnu, atvinnuleysið jókst hins vegar eftir því sem á leið valdatíma Sjang-Kæ-Sjaks. Þá var aðeins hægt að framfleyta sér á betli, ef það var þá hægt.

Menntun var mjög léleg. Sárafáir kunnu lestur og skrift og um frekari menntun var að sjálfsögðu ekki að ræða fyrir verkafólkið.

Fljótlega eftir frelsun Sjanghæ fékk hann atvinnu, enda var kappkostað að koma öllu vinnufæru fólki í vinnu og útrýma þar með atvinnuleysinu. Síðan var hafist handa við að reisa bráðabirgðahúsnæði. Þau hús voru engan veginn nothæf nema til bráðabirgða. Þrátt fyrir að þau væru ekki góð þá fengu menn þó rafmagn og rennandi vatn þar.

Núna býr hann í blokk. Það er ennþá þröngt um fólk á heimilinu. Í fjölskyldu gamla mannsins eru 11 manns í þremur herbergjum. Auk þess er eldhús, þvottahús og bað.

Þessi gamli maður mundi þess vegna tímana tvenna. Nú hafði hann lokið sínu starfi og var á eftirlaunum, én tók að sér að segja okkur sögu sína.

Annars er eftirlaunaaldur í Kína 60 ár fyrir karla og 55 ár fyrir konur. Yfirleitt er fólki skylt að hætta en það getur þó haldið áfram ef sérstakar ástæður mæla með því. Þeir fá 70% af fullum launum. Sumt gamalt fólk, sem býr yfir mikilli reynslu af langri ævi, fær starfa sem ráðgjafar við verksmiðjur eða slíka staði og þá á fullum launum.

Hann tjáði okkur að í hans fjölskyldu væru 5 verkamenn og tekjur þeirra næmu 320 juan (1 juan er u.þ.b. 170 Ikr) Matur fyrir alla fjölskylduna kostar 200 juan á mánuði. Húsaleiga, rafmagn, vatn og gas kostar tæp 16 juan. Þannig kostar fæði og húsnæði fjölskyldunnar 216 juan og afgangurinn er því 104 á mánuði. Fatnaður er mjög ódýr í Kína þannig að ekki verður það stór útgjaldaliður. Algengur fatnaður, jakki og buxur, kosta 10-12 juan. Undirritaður getur bætt því við af eigin reynslu hér, að vöruverð er yfirleitt ótrúlega lágt í Kína. Og það sem meira er, vöruverð lækkar. Það er engin verðbólga í Kína, frekar verðhjöðnun.

Kjörin eru bætt á tvennan hátt, annars vegar með hærra kaupi, hins vegar með því að lækka vöruverð. Þannig geta kínverskir verkamenn eignast hluti sem þeim var algjörlega fyrirmunað áður. Nú er algengt að fólk eigi útvarp, úr, saumavél, hjól og sjónvarp. Að vísu er styst síðan sjónvarp varð algengt.

Hann sagði okkur líka með talsverðu stolti að innlán bankans í hverfinu ykjust ár frá ári enda er hægt að geyma peninga í banka í Kína. Verðmæti peninganna minnkar ekki þvert á móti.

Okkur varð hugsað heim þar sem það borgar sig að koma peningunum í lóg eins fljótt og mögulegt er og láta þá helst aldrei liggja inni á banka, nema þá helst yfir nótt. Við ætluðum að fara að segja gestgjafa okkar frá þessu þegar hann hélt áfram máli sínu:

Sjáiði til. Ég keypti mér útvarp nýlega á 30 juan. Núna kostar það 26 juan þannig að ég hef tapað 4 júönum. Og sonur minn keypti sér nýlega sjónvarp. Ég ætla ekki að brenna mig aftur á því sama. Eftir tvö ár get ég fengið sjónvarp fyrir sama og ekki neitt. Það borgar sig nefnilega að draga það að kaupa hlutina, því þeir lækka í verði.

Svo horfði hann íbygginn á okkur og bætti við: Þetta er öfugt heima hjá ykkur, er það ekki?

Bílakaup nýju ráðherranna

Það má segja að nýju ráðherrarnir eru menn alþýðlegir Þeir haga sér ekki eins og fyrirrennararþeirra. Þeir fengu, sem kunnugt er, nokkrir bíla með 60% afslætti samkvæmt lagaheimild sem veitir þeim þessi hlunnindi á þriggja ára fresti.

En þessir nýju, með " alþýðuforingjana " í Alþýðuflokknum í fararbroddi, afsöluðu sér þessum hlunnindum og ætla framvegis að kaupa sér bíla á sama hátt og almenningur í landinu, þ.e.a.s. að borga fyrir þá fullt verð.

Þetta vakti að vonum mikla athygli enda fátítt að slíkir menn afsali sér hlunnindum.

En þeir eru slóttugir. Þeir sögðust ætla að borga fullt verð yfir bifreiðar sínar eins og flestir aðrir en þeir gáfu ekkert upp um það hvaðan þeir ætluðu að fá peningana.

Þetta var af klókindum gert. Vegna þessa orðalags þá svíkja þeir ekkert þótt þeir fái nú 15 ára lán til að kaupa sér bíla. Þess vegna megum við búast við að " alþýðuforingjarnir" fari hvað úr hverju að leggja gömlu druslunum sínum og kaupa bíla " sem hæfa statusnum " og eins og flest annað fólk ætla þeir að greiða fullt verð. Þeir fá hinsvegar peninginn að láni hjá ríkinu. Aðeins 15 ára lán.

Slíkt er siðferði " alþýðuforingjanna " þegar á reynir.

HAFIÐ SAMBAND VIÐ KOMMÚNISTAFLOKK ÍSLANDS M-L

Miðstjórn og ritstjórn Stéttabaráttunnar: sími 27810 og pósthólf 1357 121 R. einnig í Rauðu Stjörnunni bókabúð, Lindargötu 15, opið mánud. - föstud. kl. 16:00 - 18:30.

AKUREYRI
Jón Atli Játvarðsson
Skarðshlíð 30.

KEFLAVÍK
Einar Jónsson
Sólvallagötu 40c.

HAFNARFJÖRÐUR
Fjóla Rögnvaldsdóttir
Reykjavíkurvegi 24.

HELLISSANDUR
Sigfús Almarsson
Hellisbraut 10.

SVÍÞJÓÐ
Kristján L. Guðlaugsson
Kämnärsvägen 11 N:220
222 46 LUND

Rauða Stjarnan Bókabúð

Opið mánudaga til fimmtudaga frá kl. 15:00 - 18:30, og föstudaga frá kl. 15:00 - 19:00

Fimm ára afmæli fasistastjórnarinnar í Chile

Fyrri hluti greinar þessarar birtist í 34. tölublaði Stéttabaráttunnar. Í þessari grein er reynt að lýsa þeirri kreppu sem einræðisstjórnin í Chile er nú að glíma við. Í síðasta blaði var rætt um áhrif erlends fjármagns á efnahagslífið, - lífskjörin innanlands, - stjórnmálaástandið. Í þessu blaði eru svo tekin fyrir áhrifin á herinn, - samskipti við önnur lönd, - og móralskt ástand heima fyrir.

Í fyrri greininni kom fram að landbúnaðarframleiðslan hefur dregist saman um 10%, vegna glæpsamlegrar afstöðu stjórnarinnar. Laun hafa minnkað um allt að 50%, á sama tíma og atvinnuleysi hefur aukist um 20%. Mikið hefur verið um verkföll og aðrar baráttuaðgerðir af hálfu verkalýðsins. Í kjölfar þessa hefur verið mikið um pyntingar og handtökur af hálfu stjórnarinnar.



Eitt af mörgum fórnarlömbum fasistanna í Chile.

3. Kreppan innan hersins.

Allir atburðir sem sagt hefur verið frá hér að framan hafa að sjálfsögðu leitt til mikilla mótsetninga innan hersins. Einnig stafa þessar mótsetningar af hinni erfiðu aðstöðu sem blasir við Chile í dag sem gæti endað með einhverskonar stríði við nágranna löndin, sérstaklega Argentínu en við munum koma að því hér síðar.

Sá hluti innan hersins, flotans, flughersins og lögreglunnar, sem er meðvitaður um það ástand sem ríkir í landinu, vex nú ört. Þessi hópur gerir sér grein fyrir að flest af því sem stjórnin hefur reynt að gera hefur mistekist. Allar tilraunir Pinochets til að ýta þessum hóp út í andstöðu við alþýðuna hafa mistekist. Þessi hópur óttast mjög það sem við kölluðum áður " Pinochetsisma ", þ.e.a.s. tilraunir Pinochets til þess að auka vinsældir sínar. En eins og menn eflaust muna þá var það einmitt stærsti hluti flota- og flughersins sem á sínum tíma var mjög andvígur valdaráni Pinochets og veitti andstöðu gegn honum.

Í landgönguliðinu varð ástand ið mjög alvarlegt í aprílmánuði þegar Pinochet ætlaði að reka hershöfðingja að nafni Brady. Brady þessi er hægrisinnaður kristilegur lýðræðissinni og er fremstur í flokki þeirra hershöfðingja sem hafa sýnt stjórninni andstöðu. Ekki var að sökum að spyrja, hershöfðingjar Santiago-borgar mótmæltu þessu mjög harðlega og ákváðuað gefa Pinochet frest í 3 til 6 mánuði til að fara frá völdum, (skv. spænska ritinu Cambio 16) og lýstu yfir eindregnum stuðningi við Brady. Þetta varð til þess að Brady hélt stöðu sinni sem næstæðsti maður hersins og hinn 24. apríl var hann gerður að aðalráðgjafa Pinochets. Þeirri stöðu heldur hann enn þann dag í dag.

En athyglisverðustu atburðirnir gerðust þegar Pinochet rak yfirmann flughersins úr stjórninni. Orsökin fyrir þessu voru þau að hershöfðinginn, Leight, sagði í viðtali við ítalskt dagblað að hann væri þeirrar skoðunar að nauðsynlegt væri að koma á þingræðisstjórn í landinu innan fimm ára. Þetta gat Pinochet ekki sætt sig við að maður úr stjórninni segði opinberlega og rak Leight.

Mjög erfitt er að segja hver staða Pinochets er innan hersins, en hinsvegar er það augljóst að herinn mun hafa aðalhlutverk í falli hans (kannski

Annar hluti

eitthvað sem minnir á valdaránið í Portúgal 1974).

4. Kreppan í utanríkismálum.

Allt frá valdatöku Pinochets, hefur stjórnin fengið mjög kröftug mótmæli alls staðar úr heiminum. Sameinuðu þjóðirnar hafa einu sinni borið fram mótmæli um að almenn mannréttindi væru ekki virt í Chile.

USA stjórn hefur tekið þá afstöðu, síðan Carter tók við völdum, að stjórnarskipti væru óumflýjanleg og hefur Carter margsinnis lýst því yfir að stjórn hans væri samþykk lýðræðiskjörinni stjórn í landinu. Þó urðu mótmæli stjórnar Carters kröftugastar er tveir virtir stjórnmálamenn sem flýðu Chile eftir valdaránið, voru drepnir í Washington. Morðin voru skipulögð af DINA (einskonar Gestapo-lögregla) og kúbönum sem flúið höfðu frá Cúbu er Castro tók við völdum. Í sambandi við morð þessi kallaði Carter sendiherra sinn í Santiago heim til skrafs og ráðagerða. Síðar kom í ljós, eftir miklar rannsóknir og yfirheyrslur, að Pinochet lagði á ráðin með þessi morð. Ekki er þó hægt að segja að mikil alvara sé á bak við gerðir stjórnar Carters því ef vilji væri fyrir hendi þá gæti Carter gripið til alvarlegra aðgerða til að pressa Pinochet frá völdum. Er hér um að ræða aðgerðir eins og að loka á öll erlend lán sem Chile fær í dag, loka fyrir vopnasölu o.s.frv.

Öllu alvarlegra er þó ástandið er taka skal fyrir nágrannalöndin. Er þar fyrst að nefna Argentínu. Herforingjastjórnin í Argentínu hefur sýnt stjórn Chile æ harðari afstöðu í þeim málum sem hafa verið þrætuepli þessara ríkja um margra ára skeið. Er hér um að ræða baráttu ríkjanna um yfirráðarétt yfir eyjum sem liggja undan suðurströnd Chile.

Argentínska stjórnin virðist ætla að láta skerast í odda og það hvað úr hverju. Háttsettur argentískur hershöfðingi hefur lýst því yfir að deila þessi leysist ekki nema í stríði og það stríð sé ekki langt undan. Ástandið er svo slæmt að Pinochet og stjórn hans hafa reynt að koma upp einskonar þjóðernislegri fylkingu, " Varið land " (nationella säkerhet), og hún að gera tvennt í senn; skapa einingu fjöldans og um leið að láta fólk gleyma glæpum stjórnarinnar. Almennt er um það talað í Chile í dag að eina sem geti stöðvað að stríð skelli á sé að ný stjórn taki við völdum. Er hér um að ræða hina borgaralegu blokk sem hefur mikin stuðning innanlands sem erlendis.

Deilan við Bólivíu er einnig mjög alvarleg. Bólivía er hinsvegar mjög veik hernaðarlega, mikill órói innan lands og fleira, og getur varla stutt kröfu sína um aðgang að hafinu en fær án efa fulla stuðning frá Argentínu.

5. Hin móralska kreppa.

Hér er einkum átt við hina 2500-3000 " týndu ", þ.e.a.s. fólk sem tekið var fast fyrir fimm árum og síðan hefur ekkert spurst til. Ættingjar og vinir hafa barist hetjulegri baráttu fyrir því að fá vitneskju um þetta fólk en án árangurs. Ein þeirra aðgerða sem fólk þetta greip til var hungurverkfall. Um 300 manns tóku þátt í aðgerðum þessum á götum Santiago borgar, en hungurverkfall þetta vakti mikla athygli um heim allan. En fasistarnir láta ekki hræða sig, það væri of erfitt fyrir þá að viðurkenna í dag að fólk þetta væri búið að myrða eða misþyrma.

Einnig ber hér að geta um hið siðspillta ástand sem ríkir í Chile: embættismenn ríkisins virðast geta leyft sér allt, mútur, þjófnað, dráp á saklausu fólki, allt án þess að nokkur geri neitt.

Þessi grein hefur einkum fjallað um ástandið í Chile síðustu fimm ár en þó mestmegnis um árið 1978. Hvernig þróunin verður er mjög erfitt að spá um, en skyldi Pinochet verða við völd 11. sept. 1979?



Þannig eru lífskjör alþýðunnar í Guatemala, ekki ósvipað og ó Chile.

INSÍ..
Framhald af forsíðu

vinnustaði hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu, boða til funda meðal starfsmannanna og kjósa trúnaðarmenn. Þessi tengsl eru nauðsynleg ef hægt á að vera að koma á góðu sambandi milli félagsins annarsvegar og félagnna hinsvegar. En hver er svo tilgangurinn með þessu trúnaðarmannakerfi? Hann er sá að gera félaginu fært að fylgjast með því sem fer fram á hverjum vinnustað og gera félögunum kleift að leita til félagsins ef þeir þurfa ráðleggingar eða hafa undan einhverju að kvarta. Í framhaldi af uppbyggingu þessa trúnaðarmannakerfis hefur margt komið í ljós sem virðist hafa verið hulið stjórn félagsins. t.d. að á mörgum vinnustöðum hafa nemarnir verið látnir skrifa undir viðbótarsamning sem kveður m.a. á um það að neminn fái ekkert kaup meðan hann er í skóla, hann fái ekki greiddan bókakostnaðinn og margt fleira í þessum dúr. Þetta er algjörlega ólöglegt því þetta brýtur í bága við iðnsamninginn. Þessi mál verður félagið og reyndar öll félögin að taka föstum tökum og koma í veg fyrir að þessi ósvinna eigi sér stað. Neminn sem skrifar undir samninginn í upphafi námstímabils veit ekki hvar hann stendur, enginn fræðir hann um rétt hans gagnvart atvinnurekandanum eða meistaranum. Honum er bara gert að skrifa undir og lesa síðansamninginn þegar hann kemur heim. Félögin verða að beita sér fyrir aukinni fræðslu um þessi mál. Best væri að þau myndu útbúa dreifiritþar sem þessi mál væru kynnt og nemarnir frædd-ir um rétt sinn. Síðan gæti trúnaðarmaður haldið fund á vinnustaðnum þar sem þessi mál væru rædd. Engin vafi er á því að ef þetta væri gert myndi áhugi nemanna stóraukast og einnig stéttarþroski þeirra. Þetta myndi að sjálfsögðu mæta mótspyrnu atvinnurekanda, en það er bara merki um að þeir vilja ekki að neminn viti hvar hann standi í þessum málum.

En hvers vegna hefur þetta ekki verið gert? Það er vegna þess að forysta flestra félaganna hreinlega nennir ekki að standa í þessum málum. Heldur vill hún boða til félagsfundar með ákveðnu millibili og kenna svo almennum félögum um hversu slappir þeir séu að mæta á fundi, það sé hreinlega ekki standandi í svona vafstri. Þarna fellur hún í þá gildru að halda að um einhverja sjálfsprottna hreyfingu geti verið að ræða meðal fjöldans. Fjöldinn þarf á leiðsögn að halda. Til þess hefur hann kosið þessa menn til forystu, ekki til að vera einhverjir smalar heldur eiga þeir að taka upp kröfur og hugmyndir félgsmanna og móta þær í heilsteypt form. Félögin eiga að vera leiðsögn í baráttunni, geta aðstoðað félagsmenn ef þeir eru í einhverjum vafa um rétt sinn. Þessu hlutverki gegna þau ekki í dag, og gera ekki á meðan forystan hefur engan áhuga á að breyta þessum hlutum. Þess vegna: Kjósum okkur til forystu menn sem vilja og geta gegnt þessu hlutverki.





Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
36. tbl. Þriðjudagur 26. september 1978.

STÉTTABARÁTTAN
-kemur út vikulega-
Sími: 27810.
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm: Sigurður Ingi Andrésson.

Sigurður Jón Ólafsson
Óðinsgötu 17?
101 R

Bandaríkin vernda ítök sín í Nicara

Bandaríkin hafa á s.l. árum orðið að draga úr stuðningi sínum við einræðisstjórnir Latnesku Ameríku t.d. vopnasendingum og fjárhagsstuðningi. Þessi stefna Bandaríkjanna sem er leidd á yfirborðinu af Jimmy Carter forseta, er liður í undanhaldi bandarísku heimsvaldastefnunnar.

Sámur frændi getur ekki lengur tekið að sér hlutverk stóra bróður, sem verndar fámennar ráðastéttir lepprikja sinna erlendis.

Bandaríkin hafa tekið fyrir vopnasendingar sínar til Nicaragua og geta ekki stutt Somoza-stjórnina opinberlega þó heimsvaldasinnunum væri fátt kærara. Pólitísk stefna Bandaríkjanna gagnvart ástandinu í Nicaragua er að allir borgaralega "lýðræðissinnuðu" flokkarnir setjist við samningaborð, efnt verði til kosninga og Somoza segi þá af sér verði hann undir.

Þetta segja talsmenn Bandaríkjanna vera einu færu leiðina til að stöðva kommúnistana en þeim eykst fylgi með hverjum deginum. Bandaríkin sem áður hafa mætt svipuðu ástandi með eldi og brennisteini t.d. í Víetnam, Chile og Kúbu, koma nú á vettvang í gervi hlutlauss sáttasemjara.

Í Nicaragua eru nú um 5000 amerískir ríkisborgarar. Flestir þeirra eru á vegum bandarískra auðhringja sem fjárfest hafa í landinu. En það eru einmitt eignir og ítök þessara hringja sem bandarískum heimsvaldaseggjum er mest í mun að vernda. Því reyna þeir allt sem þeir geta til að reka fleyg í þá víðtæku samstöðu sem náðst hefur meðal andstæðinga Somoza. Sú samstaða er leidd af kommúnistum en nær þó langt inn í raðir hinna íhaldsömustu.

Ekki má gleymast að bandaríski herinn færði Somozaættinni völdin í hendurnar fyrir 41 ári síðan og hefur stutt hana síðan. T.d. þjálfa bandarískir herforingjar, reyndir úr Víetnamstríðinu, Þjóðvarðliðssveitir Somoza og fá greitt fyrir það 6 milljón $ á ári. Einn slíkur herforingi Michael D. Echanis, upplýsti þetta og fleira í leynilegu viðtali sem hann átti við fréttamenn fyrir nokkrum vikum síðan. Echanis óttaðist þá um líf sitt og fór fram á það við blaðamanninn að hann birti ekki viðtalið nema að sér látnum ef svo skildi fara. Flugvél sem Echanis var í, var skotin niður þann 8.sept. og lét hann þar lífið ásamt fleiri háttsettum foringjum. Echanis sem segist berjast fyrir peninga og af hugsjón gegn kommúnisma, upplýsti það t.d. að sonur Somoza forseta, Anastasio Somoza Jr. sem er Major í Þjóðvarðliðinu, hafi fengið þjálfun sína í U.S. Army Special Forces (Green Beret)school í Fort Bragg, NC (N C er Norður-Karolína) og þá verið nemandi sinn. Það eru uppeldisstöðvar hinna illræmdu "Grænu húfa" sem þekktar eru fyrir hryðjuverk sín í Víetnam og Kambódíu. Somoza yngri stjórnar nú skriðdrekasveitum Þjóðvarðliðsins í Managua.

Bandaríkin koma fram sem úlfur í sauðagæru. Þeirra svonefnda mannréttindastefna sem Carter forseti ber fánann fyrir er fagurt nafn yfir hrörnun og undanhald eigin heimsvaldastefnu. Bandarísku heimsvaldaseggirnir hafa aldrei látið neitt fríviljuglega af hendi sem þeir hafa einu sinni krækt klónum í. Þeir sjá nú fram á að Somoza er fortapaður sem valdamaður í Nicaragua og því er þeirra eina von að koma öðrum viðlíka lepp til valda. Þeir treysta sér ekki til að gera það með opinberlegu ofbeldi en þeir munu reyna allar leiðir sem þeir telja sér færar.


Hart barist í Nicaragua

Fullkomin vopn halda Somoza að völdum

Bardagar blossuðu upp í Managua höfuðborginni og öðrum borgum Nicaragua þann 9.þ.m. og a.m.k. 36 manns létu lífið og á annað hundrað særðust. Fullyrða má að tölur yfir látna og særða séu mun hærri þar sem ómögulegt er fyrir nokkurn mann að henda reiður á þeim t.d. hversu margir liggja undir húsarústum. Á sunnudag 10. sept. varð hlé á bardögum í Managua en hart var áfram barist í Leon, Masaya, Chinandega, Granada og Esteli.

Í miðborg Managua þar sem Somoza forseti og einræðisherra Nicaragua býr standa raðir af varðliðum eftir hverju stræti. Þeir eru þungvopnaðir (skriðdrekar) og fótgönguliðar bera sjálfvirka ísraelska Calil-riffla og þeir nauðleita á hverjum einasta vegfarenda sem á leið um

Það er aðallega Sandinistahreyfingin (marxistarnir) sem stendur fyrir bardögum gegn stjórnarhernum. Hún nýtur stuðnings og samúðar yfirgnæfandi meirihluta þjóðarinnar. Skæruliðar hennar náðu á sitt vald 6 lögreglustöðvum seinni part laugardags og fyrri part sunnudags. Sumum halda þeir ennþá en frá öðrum urðu þeir að hverfa vegna skriðdrekaárása og skildu þær þá eftir í ljósum logum. Skæruliðunum er fagnað mjög af fólki hvar sem þeir koma. Þeir héldu Matagalpa næst stærstu borg landsins í 5 daga en urðu síðan að hörfa fyrir skriðdrekum og loftárásum flughersins á borgina, sem kostuðu tugi mannslífa. Þrátt fyrir alla andstöðu þrjóskast Somoza enn við að láta af völdum í landinu. Hann situr sem fastast í skjóli fullkominna vopna. En skæruliðarnir verða betur og betur vopnaðir við hverja orustu sem þeir sigra. Þeir taka í eigin notkun öll vopn sem þeir ná úr höndum þjóðvarðliðsins (The National Guards).



Myndin sýnir kort yfir bardagasvæðin í Nicaragua.



Skæruliðar í Masaya.

Atvinnuleysi og versnandi lífskjör bíða alþýðunnar í Latnesku Ameríku

Milli áranna 1975 og 2000 er áætlað að höfðatalan í verkalýðsstéttum Latnesku Ameríku eigi eftir að tvöfaldast, frá 97 milljónum til 195 milljóna. Stór þáttur í þeirri fjölgun er aukin þátttaka kvenna á vinnumarkaðinum auk þess sem smáborgarastéttir, aðallega smábændur flosna upp og leita á mölina. Verkalýðsstéttir fjögurra ríkja - Brazilíu, Mexikó, Argentínu og Columbíu - telja 70% af þessari heildartölu.

Fyrir utan Argentínu fjölgar nú óðum í verkalýðsstéttum þessara landa. Smærri ríkin, Costa Rica, Guatemala og Dóminikanska Lýðveldið, horfast einnig í augu við mikla fjölgun. Í Brazilíu er áætlað að atvinnuleysisvandamál muni aukast sem svarar 1 milljón atvinnulausra manna á ári. Í Mexikó er talan 600.000 Mexikó stendur frammi fyrir efnahagslegri hrörnun, þrátt fyrir sinn nýfundna olíuauð. Þar er áætlað að árið 1980 muni 18,5 milljón verkamanna hafa atvinnu en að verkalýðsstéttin muni telja 20,2 milljónir manna. Þar munu því verða 1,7 milljónir atvinnulausir árið 1980, samtímis og áætlað er að 600.000 til 700.000 manna fjölgun verði á vinnumarkaðinum.

Þessar tölur eru fengnar úr árlegri skýrslu fjölþjóðbankasamsteypunnar Inter-American Development Bank (IADB), sem ekki er alls kostar ánægður með gróðahlutfall af fjárfestingum sínum í Latnesku Ameríku. Þó var s.l. ár bankanum hagstæðara í 15 af 23 löndum þar sem bankinn hefur ítök, en árið 1976 var. Löndin sem voru bankanum fjárhagslega óhagstæð, að sögn IADB, voru Bólivía, Brazilía, Dóminikanska Lýðveldið, Haiti, Perú, Trinidad Guyana og Jamaica.

Í heildina hefur iðnaðarframleiðsla Latnesku Ameríku ríkjanna vaxið um 4,5%, til 334 billjón dollara, yfir árið. Það er meiri gróska en í sumum þróuðustu iðnríkjanna en vel undir þeim vexti sem varð í efnahagslífi álfunnar seinni hluta 7. áratugsins og fyrri part þess 8.